

Efni: Birkifræsöfnun 18. Október 2023

Í sömu vettvangsferð og farið var í framkvæmdareftirlit vegna endurheimtar staðargróðurs í Teigskógi safnaði ég birkifræjum á nokkrum stöðum í og í nálægð við framkvæmdarsvæðið. Markmiðið var að kanna fræboð fræja til söfnunar. Fræframboð var kannað á sjö stöðum, í Gufudalsskógi, í Djúpadal og á fjórum stöðum frá Þorskafirði og að Teigskógi. Fræframboð var mjög misjafnt á milli staða og sést magn fræja, staðsetning, tími söfnunar og heildartími í töflu.

Staðsetning	Staðsetning	Tími	Heild tíma	Fræ ml	Fræ gr.
Djúpidalur	348725 567111	09:42-10:23	45 mínútur	12 ml	1,36
Teigskógur	352938 566184	10:40-11:00	20 mínútur	28 ml	2,32
Teigskógur	352525 565606	13:55-14:35	1 kl og 40 mín	0	
Teigskógur	352337 565249	14:38-14:55	12 mínútur	0	
Teigskógur	352337 565249	14:55-15:48	53 mínútur	100 ml	10,9
Brekkudalur	344944 565995	16:20-16:30	10 mínútur	6 ml	0,5 gr
Brekkudalur	344696 566145	16:35-16:42	7 mínútur	0	
			4 klst, 11 mín	146 ml	15,08 gr

Ég ræddi við gróðrarstöðina Mörk sem gaf mér þær upplýsingar að úr 1 gr. af birkifræjum hafa þau fengið mjög misjafnlega margar plöntur. Meðaltal þeirra upplýsinga sem ég fékk voru um 145 plöntur úr 1 gr. Ef það er notað til að reikna hvað við erum með margar plöntur út úr þessari söfnunarferð gætum við framleitt um 2.175 plöntur úr þessum fræjum sem safnað var. Auðvitað fer fjöldi samt eftir mörgum þáttum en gott að hafa eitthvað til að styðjast við.

Hulda Birna Albertsdóttir